

MINNISBLAÐ

Efni: Ákvörðun LH um að breyta fyrirkomulagi á greiðslum fyrir störf dómara sumarið 2023.

Til: GDLH og HÍDÍ.

Frá: AOS ráðgjöf ehf.

Forsvarsmenn Gæðingadómarafélag LH (GDLH) og Hestaíþróttadómarafélag Íslands (HÍDÍ) hafa leitað til mín um ráðgjöf og athugun á lögmæti ákvörðunar Landsambands Hestamanna (LH) um að breyta fyrirkomulagi á greiðslum fyrir störf dómara sumarið 2023. Álitamálið er hvort LH sé heimilt að ákveða einhliða að verða milliliður í innheimtu og greiðslu fyrir dómarastörf, þegar hvorki dómarar né mótshaldarar hafa samþykkt það.

Hlutverk LH sem umsýsluaðili á greiðslum fyrir dómarastörf er ekki að finna í lögum félagsins og ekki er að sjá að tekin hafi verið formleg ákvörðun hjá stjórn LH um að innleiða það hlutverk sérstaklega. Í þeim takmörkuðu gögnum sem liggja fyrir um málsmeðferðina er ekki að sjá nauðsynlegt samráð við dómara og ekki er heldur að sjá að búið sé að semja sérstaklega við dómara um þetta fyrirkomulag. Ákvörðunin felur í sér beint inngríp LH í lögvarða hagsmuni dómara og virðist ákvörðunin tekin án þess að kláruð hafi verið sú formlega málsmeðferð sem málið var í og án þeirrar efnislegrar umfjöllunar sem ráðgerð var á Landsþingi.

Mótshaldari er sá sem kaupir þjónustu dómara og ber ábyrgð á greiðslunni til dómara. Ef LH er ekki mótshaldari þá er ekki að sjá að LH hafi lagaheimild til þess að innheimta og taka við greiðslum fyrir störf dómara á því móti ef viðkomandi dómari hefur ekki samþykkt það sérstaklega. Ákvörðun LH um þetta atriði getur ekki talist lagalega bindandi fyrir mótshaldara og dómara og ég tel verulega óljóst hvort LH geti, ef á reynir, framfylgt þessu fyrirkomulagi í óþökk aðila. Þessi ályktun er dregin að svo stöddu og með þeim fyrirvara að frekara samtal við aðila og ítarlegri gagnaöflun er nauðsynleg til þess að hægt sé að ráðleggja GDLH og HÍDÍ formlega um réttarstöðu sína og næstu skref.

Reykjavík, 27 apríl, 2023

Virðingarfyllst,

Óskar Sæberg M.L.